


VÍN BLAÐIÐ

4. tbl. 2. árg. ágúst / september 2004



VÍN  BÚÐ
Hfossu, Mörku & mjólkinni

Vöruskrá

Vín með humri

Tequila

Sauvignon Blanc



EFNISYFIRLIT

SÝNUM ÁBYRGÐ! 3

Ávarp forstjóra
Aktu aldrei undir áhrifum

SAUVIGNON BLANC 4

SANGRÍA OG FLEIRI KOKTEILAR 6

HUMAR OG HVÍTVÍN 8

TEQUILA 10

NÝTT Í KJARNA 14

HAGNÝTT 10

VÖRUSKRÁ 20

Rauðvín	20
Kassavín	35
Hvítvín	36
Rósavín	44
Freyðivín	44
Lífrænt ræktuð vín	45
Styrkt vín: Sérrí, Madeira, Portvín	46
Rivesaltes	47
Síder	47
Ávaxtavín	47
Kryddvín	47
Aperítíf	47
Sake	47
Cognac	48
Armagnac	48
Brandí	48
Calvados	49
Grappa	49
Viskí	49
Romm	50
Tekíla	50
Vodka	50
Gin	51
Sénever	51
Akvavit	51
Anís	51
Snafs	51
Líkjör	52
Bitter	53
Áfengt gos	53
Aðrar tegundir	54
Björ	55

VÖRUR Í STAFRÓFSRÖÐ 58

AFGREIÐSLUTÍMI VÍNBUÐA 79

Vínblaðið, 4.tbl. 2. árg. ágúst/september 2004

Útgefandi: Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, ÁTVR

Ábyrgðarmaður: Höskuldur Jónsson ● Ritstjóri: Þórdís Yngvadóttir

Ritstjórn: Einar Snorri Einarsson, Páll Sigurðsson, Þórdís Yngvadóttir

Greinar eftir Christina Heina Liman og Pál Sigurðsson

Samantekt á vöruskrá: Skúli Þ. Magnússon ● Myndir: Andreas Bennewik,

Gunnar Sverrisson, Sigrún Kristjánsdóttir, Cobris/Scanpix ● Hönnun: Fiton ehf.

Umbrot: ÁTVR ● Prentun: Isafoldarprentsmiðja.

Öll verð og verðbreytingar birtast í vörulista á heimasíðu ÁTVR, www.vinbud.is
Áskilinn er réttur til leiðréttinga.

STOPP - *Sýnum samfélagslega ábyrgð*

Vínbúðirnar og Umferðarstofa hafa tekið höndum saman í baráttu gegn ölvunarakstri. Þessa dagana birtast beinskeyttar auglýsingar í sjónvarpi, blöðum, á strætisvagnaskýlum og í vínbúðum með þann skýra boðskap, að það sé lífshættulegt að aka undir áhrifum áfengis.

Þetta er í fyrsta sinn sem ÁTVR kemur með þessum hætti að forvarnarstarfi. Það er í samræmi við það markmið verslunarinnar, að fá fólk til að sýna fulla ábyrgð við neyslu áfengis og geri ekkert það sem valdið getur því eða öðrum hættu eða skaða.

Þótt mannlát og meiðingar séu alvarlegustu fylgjur umferðaslysa, má ekki gleyma því gífurlega eignatjóni sem almenningur verður fyrir á ári hverju af völdum óhappa í umferð. Með stuðningi sínum við starf Umferðarstofu gengur ÁTVR í reynd til liðs við tryggingafélög og Vegagerðina, sem ötullega hafa bent á, að ölvun við akstur er ekki aðeins dauðans alvara, heldur einnig gróf misgjörð gegn hagsmunum alls almennings.

Höskuldur Jónsson
Forstjóri ÁTVR

AKTU ALDREI UNDIR ÁHRIFUM

Sjálfsgagt hefur ekki farið framhjá mörgum þær auglýsingar sem vara við ógætilegum akstri. Ein þessara auglýsinga varar sérstaklega við ölvunarakstri og er liður í forvarnarstarfi sem Umferðarstofa og Vínbúðirnar standa að saman.

Hugmyndin að baki auglýsingaherferðinni „*Hvað þarf til að stoppa þig?*“ er sú að tefla saman rauðum lit og svarthvítu myndmáli til að vekja athygli á hættunni sem fylgir ölvunarakstri, og hvernig ómögulegt er að sjá fyrir hvað gerist og hvert hugsanlegt fórnarlamb verður. Rauði liturinn birtist í rauðvíninu sem vinalópurinn drekkur og er fyrsta merkið um að nú skuli ekki aka, síðar í umferðarljósum og -skiltum sem vara við hættu og er ætluð til þess að stöðva ökumanninn. Rauði liturinn snýr svo aftur sem blóð þegar óhappið verður og að lokum í rauðri rós sem ökumaðurinn leggur á leiði vinar síns sem hann keyrði á því hann ók undir áhrifum og stöðvaði ekki í tæka tíð.

Hugmyndina að auglýsingunni á Sigrún Gylfadóttir, grafskur hönnuður hjá Hvíta húsinu, en kvikmyndafyrirtækið BaseCamp gerði auglýsinguna. Júlíus Kemp leikstýrði.



*Ungur, drjúgur með sig og þrælskarpur
það leikur enginn vafi á því að maður þekkir
hann aftur. Og það veit hann ...*

SAUVIGNON BLANC

SÁ SVALASTI Í BÆNUM

Texti: Cristina Heinä Liman. Myndskreyting: Andreas Bennwik.
Þýðing: Páll Sigurðsson
Áður birt í Bolaget, nr.1. janúar 2004, fréttariti Systembolaget.
Birt með góðfúslegu leyfi Systembolaget í Svíþjóð

Hvellur, skrölt, dynkur!

Obbo bobb, það eru aldeilis gauragangur í þér.

- HA?

Þú ættir kannski að taka af þér heyrnartólin ...

-HA? HVAÐ? JÁ ÞAU! Nú heyrri ég betur.

Kemur þú alltaf inn með svona látum?

- Ég vil láta taka eftir mér þegar ég kem inn.

Slakaðu á, þú ert áberandi. Maður villist ekki á þér frá fyrstu kynnum.

- Neibb, allir þekkja svalasta gæjann aftur.

Svalur já, þér líkar ekki steikjandi sól.

- Nei alls ekki. Sólskin þarf að vera, en ekki of heitt. Því þá stend ég á blístri og verð ekki eins skarpur og ég vildi.

Mörgum finnst þú full skarpur og að þú sért einfaldlega of ilmrikur og sýrumikill.

- Gamlir steingervingar! Þeir ættu að vera ánægðir með hvað ég er greinilegur, svo þeir ættu að minnsta kosti að hafa eitt vín rétt, í sínum leiðgjörnu vínsmökkunum.

Já einmitt. Þér er ekkert um þá gömlu. Ertu hræddur við að eldast?

- Ég, hræddur? HAHHAHA, því þá?

Kannski vegna þess að þú verður bragðdaufur, flatur og leiðinlegur ef þú þroskast í lengri tíma.

- Ja, það getur svo sem hent í og með. En farðu til Bordeaux og Loire. Þar, satt að segja, eldist ég þryðilega, ef ég má segja svo.



En þér finnst sjálfum að það ætti helst að drekka þig eins ungan og mögulegt er?

- Að sjálfsgöðu. Live hard, die young.

Þá gerir ekkert til þó þú reykir?

- Nei, því þá? Það er þó ekki bannað eða hvað?

Svo þaðan kemur þá nafnið Fumé Blanc (hvítur reykur)?

- Nei alls ekki, það er ekki rettan. Í stórum hluta heim-sins heiti ég Fumé Blanc þegar ég hef þroskast á eikar-tunnum, eins og t.d. í Kaliforníu. Skrítið.

En þú dafnar best í stáltönkum?

- Já, ég þarf enga eik eða önnur fegrunarlyf. Eins hreinn og hægt er, það er minn stíll.

Sauvignon Blanc í stuttu máli

Litur: Ljós gulur.

Ilmur: Ilmrikt. Klassísk lýsing sem oft er notuð er kattahland. Það má finna rífs- eða sólberjarunna, netlur, papriku og gras og meðal annars ristað brauð hafi vínið verið látið þroskast á eik.

Bragð: Þurrt, ungt, ávaxtaríkt, ferskt og allt að því sýruríkt. Annars sama og í ilmi. Þessi vín eru oftast fersk og ávaxtarík.

Ræktun: Um allan heim svo fremi sem það er ekki of heitt. Hin klassísku sýruríku Sauvignonvín koma frá Sancerre og Pouilly-Fumé í Loire. Á síðustu áratugum hefur Nýja-Sjáland komið á hraðri siglingu með samkeppnishæf gæðavin.

Passar með: Sérstaklega geitaosti. Sauvignon Blanc er upplagt með fiskréttum og skeldýrum. Eða einfaldlega sem fordrykkur.

pdf
Fyrirmyndarstofnun



SANGRÍA

OG FLEIRI KOKTEILAR

LOGANDI SUMARSANGRÍA STJÁNA

- 1 fl. rauðvín kalt
- 1 fl. lambrusco kalt
- 1/4 l. appelsínusafi kaldur
- Cointreau til að flambra með
- 6 appelsínur
- 1/2 dós hunang

AÐFERÐ

Skerið börkinn af helmingnum af appelsínunum og skerið í báta, restin er skorin í sneiðar. Hellið rauðvíninu og appelsínusafanum í bolluskál, látið appelsínusneiðarnar út í. Hitið pönnu og látið 4 msk. af hunangi og appelsínubátana á pönnuna, látið sjóða. Hellið Cointreau yfir og kveikið í. Hellið í sangrjúskálina og fyllið upp með lambrusco. Bragðið svo til með hunangi og Cointreau. Fyrir þá sem kjósa frekar má sleppa eldsteikingunni, en það er betra að hita hunangið áður en því er blandað saman við sangrjúna. Kælið sangrjúna í ísskáp eða setjið skálina í klakabað. Setjið ekki klaka í sjálfa sangrjúna því annars verður hún vatnskennd.

ALAMO

4.5 cl. tequila
3 cl. appelsínusafi
1.5 cl. ananassafi
klaki
Hristið saman og fyllið glas upp með Seven up eða Sprite.



MARGARITA

4 cl. tequila
2 cl. Countreau eða Triple Sec
1 cl. límónusafi
klaki
Hristið saman. Strjúkið barmana á kokteigliasi sem lime og dýfið í salt áður en drykknum er hellt í.



TEQUILA SUNRISE

4 cl. tequila
12 cl. appelsínusafi
4 cl. grenadine
klaki
Hristið saman tequila og appelsínusafa, hellið í longdrink glas, hellið svo grenadine varlega út í, lyftið sýrópinu svo varlega upp með skeið.



BLUE MARGARITA

4.5 cl tequila
3 cl. límónusafi
1.5 cl. Blue Curaqao
klaki
Hristið og berið fram í kokteigliasi.



GRÆNINGI

9 cl. tropival fruit safi
2 cl. Blue Curaqao síróp
2 cl. Sítrónusafi
klaki
Blandið saman í mixer
Fyllt upp með Seven up eða Sprite

ÓÁFENGUR



BANANARAMA

12 cl. apríkósusafi
4 cl. kókosmjólk
¼ banani
2 cl. limesafi
klaki
Setjið allt í mixer
fyllt upp með Seven up eða Sprite

ÓÁFENGUR

APRÍKÓSU FRAPPÉ

8 cl. apríkósusafi
6 cl. ananassafi
2 cl. sítrónusafi
2 cl. jarðarberjasíróp
klaki
Hristið, fyllt upp með Seven up eða Sprite

ÓÁFENGUR



HUMAR OG HVÍTVÍN

P Á L L S I G U R Þ S S O N

Fyrir nokkru átti ég ánægjulegt kvöld með hópi fólks, sem hefur eins og ég, áhuga á góðum vínunum og mat. Tilgangur þessarar samkomu var að prófa nokkur hvítvín, sem voru sérstaklega valin með humar.

Rétturinn að þessu sinni var klassískur hvítlauksmjörsteiktur humar borinn fram með risottó.

Átta vín voru á boðstólum: sjö hvítvín og eitt kampavín. Öll voru vínin blindsmökkuð fyrst, að undanskildum tveimur hvítvínanna og kampavíninu. Það verður að segjast að hvítvínin sem voru blindsmökkuð voru orðin of heit og liðu þau nokkuð fyrir það þegar kom að því að humarinn var borinn fram. Það er ekki ætlunin að vega og meta gæði vínanna hér heldur er frekar skoðað hvernig áhrif humarinn hefur á vínin og öfugt.

Ástralskur Riesling

Sítrus, sítrónubörkur, steinefni og olíukeimur. Fersk sýran áberandi og má þar kenna hitastiginu nokkuð um.

Með humrinum var sýran svolítið frek, en þegar smá sítrónusafa var bætt á humarinn, kom fram fínn ávöxtur og vínið plumaði sig vel. Með réttu hitastigi stæði vínið sig eflaust enn betur. Riesling á því miður

ekki miklum vinsældum að fagna og má þar eflaust kenna þýskum hálfsetum vínunum nokkuð um.

Nýsjálenskur Sauvignon Blanc

Rifs, sítrus, suðrænir ávextir. Ferskt.

Sýran var með svolítinn frekjutón og hefði dregið sig meira til baka og ávöxturinn notið sín betur við rétt hitastig. Já, nokkuð gott með humar, það var sama hér og með fyrsta vínið, sítrónan kom á meira jafnvægi.

Það þarf ekki að deila um að þetta er gott vín, en það er greinilegt að hitastig skiptir miklu máli þegar neyta á víns og urðu nokkrar umræður um það í hópnum.

Argentínu Chardonnay

9 mánuðir í franskri eik sur lie, 36% ný eik. Hér er nokkur eik, suðrænir ávextir, perur, sítrus og fersk sýra.

Fyrir minn smekk er þetta gott humarvín. Eikin er fyrir hendi en leikur ekki aðalhlutverk, heldur styður vínið við humarinn og lætur hann njóta sín, gott samspil.

Kaliforníu Chardonnay

Tvö Chardonnay vín frá Kaliforníu í sinn hvorum verðflokknum voru smökkuð. Fyrri vínið var í verðflokki 1500-2000 krónur. Vínið er gerjað í eik og þroskað í 6 mánuði í franskri og amerískri eik, sur lie. 88% af víninu fékk mjólkursýrugerjun. Hér var mikil þung eik, smjör og suðrænir ávextir.

Vínið passaði að flestra mati vel við humarinn en eikin var of áberandi fyrir minn smekk. Þetta vín var valið besta vínið af mörgum í hópnum, það hefur einnig fengið frábæra dóma hjá vínagagnrýndum. Flott vín en of mikil eik fyrir minn smekk, hér lék hún aðalhlutverkið. Allt hitanum að kenna.

Seinna vínið var í verðflokki 2.500 krónur og yfir. Hér var fínlegur ilmur, nokkuð lokaður, en greina mátti epli, sítrus, smjör og eik, nokkuð bragðmikið, og smá beiskja kom fram í lokin, ekki slæm þó.

Hér fannst mér allt renna saman eins og flís við rass. Frábært vín með humar.

Sennilega toppar þetta vín öll hin, bæði með og án humars, en verðið er líka hærra.



Kampavín

Þroskaður ilmur, steinefni, sítrus og epli,

Það þarf ekki mörg orð hér. Humar og kampavín, flott saman.

Fólk ætti að neyta kampavíns oft. Kampavín er ekki svo dýrt hér á Íslandi og því ekki að borga meira og drekka minna og margfalda ánægjuna.

Næstu tvö vín voru nokkurskonar aukánúmer og ekki blindsmökkuð. Þau voru vel kæld.

Torrentés

Hér er vín sem minnir svolítið á Viogner og Gewurztraminer, ilmrikt, nokkur sæta, ferskt, berjarkríkt og örllítið kryddað. Vínið hefur mikinn léttleika.

Þetta vín hefur ekki nógan kraft fyrir humarinn, sætan í víninu hvarf og ávöxturinn einnig. Hentar örugglega betur eitt og sér.

Chile Chardonnay

Í nefi suðrænir ávextir og nokkur eik, vínið er þurr með ágætan ávöxt og svolitla eik.

Einhverra hluta vegna náði það ekki að sannfæra mig um að það væri gott humarvín.

Þetta er vín sem hefur fengið góða einkunn, en þarna var eikin að flækjast fyrir þó svo hitastigið væri gott.

Ég verð að segja að ég kys óeikað eða lítið eikað vín með humar frekar en mikið eikuð vín. Ég sakna þess að það var ekkert Chablis eða franskt Chardonnay í boði þetta kvöld. En þegar upp var staðið fór ég sæll og glaður, saddur og reynslunni ríkari heim.

Páll Sigurðsson



TEQUILA

G O D S A G N A K E N N D G U ð A V E I G

Trúðu ekki öllu sem þú hefur heyrt um mexíkanska þjóðarbrennivínið tequila. Hvernig er þetta eiginlega með kaktusinn og maðkinn í flöskunni? Og sítrónuna og saltið? Lítum nánar á þennan þjóðsagnakennda drykk.

Flestir vita a.m.k. tvær staðreyndir um tequila. Önnur er sú að það er brennivín með sérkennilegu bragði sem gert er úr kaktus og hin að það er maðkur í flöskunni, eða ætti að vera.

Sú þriðja byggist jafnvel á persónulegri reynslu: það er að segja að tequila er varasöm tegund af eldvatni með sérkennilegu bragði, sem gjarnan bankar upp á í höfðinu daginn eftir. Það er synd að þessi skoðun skuli vera svo almenn, því að minnsta kosti tvö fyrstu atriðin eru röng. Tequila er brennt vín gert eftir ströngum reglum, með bragðeinkennum sem jafnast á við það besta í alkóhólheiminum. Það passar einnig mjög vel með mat, gjarnan sterkrydduðum chiliréttum.

Hættum að hugsa um tequila ölæði og höfuðverk og skreppum til Mexíkó! Nálægt margmilljónaborginni Guadalajara í vestur Mexíkó liggur sýslan Jalesco. Þar er

hjartað í tequilalandi, með hundruðum eimingastöðva. Aðeins þar og á nokkrum smærri svæðum, má af sögulegum og menningarlegum ástæðum framleiða tequila. Á þessari eyðimerkur hásléttu þrífst blá agave, mannhæðarhá planta af liljuætt er fær nafn sitt af löngum bláglitrandi oddhvössum blöðum. Jú, þú last rétt ... Agave er ekki kaktus, heldur lilja. Þar að auki lilja sem þrífst í þurrki og er fjar skylld amaryllis. Af meira en 200 agavetegundum er bláa agave jurtin sú eina sem má nota í tequila. Það sem notað er af plöntunni er piñan, ananaslíkur rótarhnúður sem tútnar út þegar plantan fær ekki að blómstra. Það tekur um það bil 10 ár að ná nægum þroska fyrir uppskeru. En þá getur hún náð allt að 100 kílóa þyngd. Piñan er klofin og ristuoð í ofni og síðan pressuoð. Safinn er látinn gerjast í nokkra daga í sjö prósent seigfljótandi vökva, sem kallaður er *pulque*. Eldri Mexíkanar þekktu margir hverjir þetta „agaveól“ af eigin raun, og löngu áður en spænskir konkvistadorerar komu til Mið-Ameríku drukku aztekarnir pulque. Í þeirra augum var agavejurtin heilög og hinir ýmsu hlutar plöntunnar notaðir í allt frá matvöru til byggingarefnis. Mexíkanar kjósa nú agavesafann eimaðan.



Tequila er úr safá rótarhnyðis Agave liljunnar er kallast piña. Það tekur jurtina 10 ár að vaxa og verður allt að 100 kg.

Eins og við alla spíritusframleiðslu gildir reglan að því hærra alkóhól því minna bragð verður af hráefninu. Vodka er eimað í allt að 90 prósent, koníak og maltviski í um það bil 70 prósent. Tequila, yfirgefur hinsvegar eimingartækin við 55 prósent alkóhólmagn. Það þýðir að tilbúinn spírinn (sem þynntur er út með eimuðu vatni) hefur mikið bragð af agave.

En tequila þarf ekki að vera gert úr agave eingöngu. Allt að 49 prósent af hráefninu má vera af öðrum jurtum, oftast sykurreyr eða maís. Þá kallast það mixto.

Auðvitað er hreint agavetequila bragðmeira – og dýrara!- en *mixto*. Eins er með maltviski og blandað viski. En því miður er hreint tequila frekar sjaldgæft. Agaveliljan vex svo hægt að hún setur tequilaframleiðslunni skorður. Tequila hefur náð það miklum vinsældum, sérstaklega í Bandaríkjunum, að agave í löngum breiðum dugar ekki til. Hvernig áttu menn að vita þetta fyrir tíu árum? Fjöldi vandlátra framleiðenda hefur þurft að víkja frá stoltum metnaði sínum, að framleiða eingöngu hreint agavetequila, og farið að gera mixto í staðinn.

Þar sem vaxtatíminn tekur tíu ár og bíða þarf uppskeru allan þennan tíma leyfist þeim að halda áfram á þessari braut. Að öðrum kosti verður verðið himinhátt.

Hvað er svo til af mismunandi gerðum af tequila? Í Evrópu er án efa hinn óþroskaði *Silver* vinsælastur. Í Mexíkó eru menn miklu hrifnari af ljósgulu eikarþroskuðu *reposado* og sama er uppi á teningnum í Bandaríkjunum. En skoðum þetta nánar! Gult tequila án áletrunarinnar *reposado* á merkimiðanum er einfaldlega karamellulitaður silver og þar með ólagerað. Það þarf að standa *joven* eða gold á miðanum. Að lokum: maltviski- og koníaksaðdá-

endum finnst yfirleitt *añejo* áhuga-verðastur. Hann er látinn þroskast lengur en *reposado* og í minni tunn-um. En hér er sjaldan um að ræða 12-15 ár eins og með viski. Sérkenni agavejurtarinnar í tequila kemur best fram innan þriggja ára í eikartunnum, eftir það getur eikarbragðið orðið yfirgnæfandi. Hér á landi varð tequila aðallega þekkt í tengslum við kokteilinn Margarita og sem hið sérkenni-lega kaktusbrennivín sem maður skolaði niður með salti og sítrónu. En í Mexíkó drekka menn sitt *reposado* í litlu þykkbotnuðu glasi sem kallast *caballito* (lítill hestur), gjarnan við stofuhita. Til hliðar við *caballito*-

glasið er oft glas með drykk sem kallast *sangrita*, rauður seigfljótandi og kryddaður drykkur úr chili og blandaður í appelsínu, tómát og sítrónu eða limesafa. Bragðast furðulega vel með tequila og eru þessir tveir drykkir gjarnan bornir fram með ýmis skonar gómsætum mexíkönskum réttum.





Hér má sjá agaveakur. Agave er lilja en ekki kaktus.

En hvað er þetta með maðkinn? Já maðurinn er reyndar ekki maður heldur fiðrildislirfa og hún er aldrei sett í tequila. Aftur á móti er hún í skyldum drykk *mezcal* (sem þýðir eiginlega agavebrennivín). Það er oftast gert úr öðrum agavetegundum en þeirri bláu og í öðrum héruðum en Jalisco. Það hefur hrárra og ristaðra bragð, sem stafar af því að piñan er ristud við kol. Þó hugrakkt fólk borði lirfuna er tilkoma hennar í flöskunni frekar sögulegt merki um gæði. Undir vissu alkóhólmagni leysist lirfan upp. Þetta var mikilvæg þekking áður fyrr, þar sem ekki var hægt að mæla alkóhólmagnið. Nú til dags, þegar alkóhólmagn er skráð á flöskumiðann, má í staðinn líta á lirfuna sem vott af machomenningu.

Salt og sítróna

Og hvernig var þetta nú með saltið og sítrónusneiðina, í hvaða röð átti þetta nú að vera?

Jú, fyrst saltið, síðan tequila og að lokum bitið í sítrónuna. Og saltið á samkvæmt reglunni að setja í grópina á milli þumalfingurs og vísingurs, en hér er gott tækifæri fyrir persónulega listsköpun. Sá léttúðugi getur til dæmis stráð því í naflann á ástvini sínum. Salut!

Fjórir flokkar Tequila

Blanco/Silver – Tappað á flöskur strax eða eftir í mesta lagi tvo mánuði á stáltönkum.

Joven/gold - Ungt tequila sem hefur verið litað með karamellu.

Reposado - Verður að þroskast á eikartunnu í minnst tvo mánuði.

Añejo – Verður að þroskast á eikartunnu í minnst tólf mánuði.

Margarita jalapeno salsa

Ein fljótleg leið til að fá mexíkóskan blæ í matinn er þessi salsa. Henni eru lítil takmörk sett því hún passar vel með skelfiski og kjöti og jafnvel sem dýfa með nachos. Fáir þú ekki jalapenos sem er tegund af chilipipar, má notast við spænskan pipar í staðinn.

Þessi uppskrift gerir um það bil 3 dl. af salsa.
Undirbúningur 15 mín + 30 mín bið

- 1 ¼ dl. tómatar skornir í teninga
- 1 ¼ dl. finsaxaður rauðlaukur eða skallottlaukur
- 4 finsaxaðir jalapeno (fræhreinsið og skerið hvítu hlutana frá)
- 1 hvítlauksgeiri finsaxaður
- ½ tsk. salt
- ½ dl. tequila (helst reposado)
- 1 msk. finsaxað ferskt kóríander

Hrærið öllu saman og látið standa í 30 mín. við stofuhita. Bragðið á salsanu og kryddið ef þarf. Geymist í kæli.

Sangrita

Sangrita, chilikryddaðan tomat og sítrusdrykk, drekka Mexíkanar með tequila. Jalapeno og serrano eru tegundir af chilipipar.

- 5 dl. tómatsafi
- 2 ½ dl. af appelsínusafa (safi úr 3 appelsínum) eða safi úr 3 límónum
- 1 laukur saxaður
- 1 tesk. salt
- 1 tesk. sykur
- 4-6 jalapeno frælaus

Setjið allt í matvinnsluvél og blandið saman. Setjið sangrítuna í kæli í a.m.k. 6 tíma, helst yfir nótt.

Birt áður í Bolaget, fréttaritri Systembolaget.

Texti: Christina Heinä Liman.

Þýðing: Páll Sigurðsson.

Birt með leyfi Systembolaget í Svíþjóð

**Tequila í stuttu máli**

Tequila má aðeins framleiða í Jalisco í vestur Mexíkó. Blá agave þarf að vera minnst 51 prósent af hráefninu. Restin samanstendur oftast af maís eða sykurreyr.

Eimingin getur bæði farið fram með ketileimingu eða með samfelldri eimingu.

Löggjöfin er ströng, og allt viðurkennt tequila er með svokallað NOM – númer. Það sést á flöskumiðanum. Í Mexíkó er mest drukkíð af reposado tegundinni.

NÝTT Í KJARNA

R A U Ð V Í N

Hér eru kynntar nýjar tegundir sem komu í kjarna í ágúst og september.



Pujol Cotes du Roussillon Futs de Chene EF HLY

Vín úr syrah, mourvédre, rauðu grenache og carignan þrúgum, proskað í eitt ár í frönskum eikartunnum. Í nefi er það kryddað með þroskuðum berjum ásamt mint- og skógarilmi. Kryddað, ferskt og burtt bragð. Mikil fylling, langt og þægilegt eftirbragð. Gott tannín í frábæru jafnvægi. Gott með grilluðu lambakjöti og steiktu kjöti, mjúku ostum, saltfiski og villibráð. Lífraent ræktað eins og öll vín frá J.L. Pujol og fékk það gull verðlaun á landbúnaðarsýningunni í París 2003. *Megineinkenni:* Dökkfjólurautt. Bragðmikið, með krydduðum jarðarkeim. Tannískt.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Frakkland, Languedoc-Roussillon
Framleiðandi:	J.L. Pujol
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Syrah, Mourvédre, Grenache og Carignan
Vörunúmer:	03858
Verð:	1490



Alamos Malbec EHL Y

Proskað vín, þar sem nokkuð áberandi sýra kemur fram á vörum og hleypir upp plómunum og brómberjunum, kröftugir tónar af mokka og kryddi eru einnig áberandi. Glæsilegt vín, hreinn og beinn still dæmigerður Malbec.

Megineinkenni:
Fjólurautt. Bragðmikið, þétt, með krydduðum berja- kaffi- og eikarkeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Argentína, Mendoza
Framleiðandi:	Bodega Catena Zapata
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Malbec
Vörunúmer:	05095
Verð:	1290



Feudo Arancio Nero d'Avola EF MX

Unglegur og ferskur litur. Illmur: Fremur unglegur og opinn. Ávaxtaríkt og aðgengilegt vín. Bragð: Magnað vín með mikinn karakter. Kryddað og spennandi vín með þægilegan ávöxt og þétt eftirbragð. *Megineinkenni:* Fjólurautt. Höfugt, mjúkt, með bökuðum ávaxta- og lakkriskeim.

Uppruni:	Ítalía, Sikiley
Framleiðandi:	Feudo Arancio
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Nero d'Avola
Vörunúmer:	05173
Verð:	1190



Rioja Vega Crianza f my

Blanda af Tempranillo, Mazuelo og Garnacha þrúgum. Geymt í 12 mánuðuði á eik og aðra 6 í flösku. Ferskur ávöxturinn fær að njóta sín vel vegna hóflegar eikarnotkunar sem gerir þetta vín afar mjúkt og með góða fyllingu og gott jafnvægi. Proskuð rauð ber, krydd og vanilla einkenna vínið.

Megineinkenni: Rautt. Meðalfylling, kryddað ávaxtabragð með eikarkeim.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Spánn, Rioja
Framleiðandi:	Vinedos de Muerza
Magn og vínandi:	750 ml 13%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Tempranillo, Carignan, Garnacha
Vörunúmer:	05390
Verð:	1090



Plaisir de Merle Cabernet Sauvignon EF HLYZ

Kemur frá Paarl svæðinu í Suður Afríku sem er að margra mati eitt hið besta í heiminum til víngerðar. Þetta er fullkomið Cabernet Sauvignon en er örliðið blandað með þrúgunum Merlot, Petit Verdot og Shiraz og geymt í 12 mánuði á litlum frönskum eikartunnum. Plaisir de Merle er franskt orð og þýðir „Hamingja þratarins“. *Megineinkenni:* Dökkrautt. Kröftugt, þétt, með krydduðum tóbaks- og jarðarkeim.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Suður Afríka, Paarl
Framleiðandi:	Plaisir de Merle
Magn og vínandi:	750 ml 14,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°C
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	05986
Verð:	1690



Stonehedge Cabernet Sauvignon DEF X

Þrúgusamsetningin í þessu víni er 83% Cabernet Sauvignon og 17% Petite Syrah og Merlot. Það hefur verið geymt á amerískum eikartunnum í 6 mánuði. Afgangssýkur er enginn í þessu víni og uppfyllir það því kröfur neytenda er leita slíkra vína. *Megineinkenni:* Rautt. Bragðmikið, mjúkt, með létt krydduðum hratkeim.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Stonehedge Winery
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Berjategund:	Cabernet Sauvignon, Petite Syrah, Merlot
Vörunúmer:	06405
Verð:	1190



Stonehedge Zinfandel EF J X

Þetta vín er framleitt úr 83% Zinfandel, 14% Petite Shiraz og 3% Carignan druer. Vínið hefur verið geymt á frönskum og amerískum eikartunnum í 12 mánuði.

Megineinkenni: Rautt. Kröftugt, berjaríkt með kryddkeim. Nokkur stemma.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Bandaríkin, Kalifornía
Framleiðandi:	Stonehedge Winery
Magn og vínandi:	750 ml 14,5%
Kjörtími og kjörhiti:	16-18°
Berjategund:	Zinfandel
Vörunúmer:	06472
Verð:	1190



Carmen Reserve Cabernet EFLY

Úr hjarta Maipo dalsins kemur þessi blanda af 60% Carmenére og 40% Cabernet Sauvignon þrúgum. Geymt á bæði amerískri og franskri eik í 6 mánuði. Þetta vín fékk 5 stjörnur í Decanter vínblaðinu af 5 mögulegum. Dökkrautt að lit með þroskuðum sólberjum, mintu, súkkulaði og krydduðum undirtóni. Gott jafnvægi, bragðmikið og silkimjúkt, tilbúið núna en geymist í 6-7 ár. *Megineinkenni:* Dökkrautt. Höfugt, milt, með finlegum, krydduðum sólberjakeim.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Chile, Valle de Maipo, Vallen de Central
Framleiðandi:	Vina Carmen S.A.
Magn og vínandi:	750ml, 13,5%
Berjategund:	Carmenere, Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	04859
Verð:	1490



Era Nero d'Avola DF J X

Nero d'Avola er nokkuð létt vín með góðum keim af lyngberjum.

Megineinkenni: Fjólurautt. Meðalfylling, með sætum berjakeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Ítalía, Sikiley
Framleiðandi:	C.V.T. srl
Magn og vínandi:	750ml, 12,5%
Berjategund:	Nero d'Avola
Vörunúmer:	08971
Verð:	1040

Á frægum vingarði í Frakklandi er jarðvegurinn svo verðmætur að allir þeir sem koma inn í hann eru skyldugir til að skrapa moldina undan skónum sínum áður en þeir fara þaðan.



Astica Cabernet Sauvignon MX

Þetta vín kemur úr þrúgum sem eru ræktaðar í sérvöldum víngörðum á Cuyo svæðinu í Mendoza í Argentínu. Auðdrukkíð vín sem á sérlega vel við á síðsumarkvöldi við grillið í garðinum. Hentar vel með flestum kjöt- og pastaréttum sem og mismunandi ostum. Kjörhiti 15-17°C.

Megineinkenni:
Rautt. Höfugt, berjaríkt.

Uppruni:	Argentína, Mendoza
Framleiðandi:	Bodegas Trapiche
Magn og vínandi:	3000 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti	15-18°C. Eftir opnun 4-6 vikur
Berjategund:	Cabernet Sauvignon
Vörunúmer:	05409
Verð:	3290



Solaz EFLMX

Osborne Solaz kemur frá La Mancha víngerðar-svæðinu og er unnið úr Cabernet Sauvignon og Tempranillo vínþrúgunum, vín sem sett var á markað fyrir hinn almenna vinneytanda, einfalt vín en í alla staði mjög vel gert. Vínið hefur djúpan dökkan lit, þroskaðan ávöxt, vel samstillt vín, vottar fyrir krydduðu eftirbragði. Osborne Solaz er þægilegt neysluvín, t.d. væri kjöríð að prófa Solaz með saltfiskréttum ýmskonar.

Megineinkenni: Rautt. Höfugt, ilmríkt, kryddað, með eikar- og sveitakeim. Stamt.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Spánn, Castilla La Mancha
Framleiðandi:	Osborne Selección SA
Magn og vínandi:	3000 ml 13,5%
Berjategund:	Cabernet Sauvignon, Tempranillo
Kjörtími og kjörhiti	15-18°C. Eftir opnun 4-6 vikur
Vörunúmer:	05690
Verð:	3590



Namaqua DMOX

Léttleikandi og ljúft vín, með miðlungsfyllingu. Aðeins eru valin úrvals ber í vínið og er niðurstaðan þurr, flauelsmjúkt og mjög ávaxtaríkt vín. Eftirbragðið er leikandi, nokkuð milt með þægilega berjatóna. Hentar vel með grillsteikum hvers konar, í BBQ eða köldum sósum, pasta- og pottréttum, fuglakjöti, mildum ostum eins mjög gott eitt og sér. Frábært sem partývín.

Megineinkenni: Rautt. Meðalfylling, létt kryddað, með berja- og jarðarkeim.

Árgangur:	2001
Uppruni:	Suður Afrika
Framleiðandi:	Northwestern Wine Merchant
Magn og vínandi:	3000 ml 13,5%
Kjörtími og kjörhiti	15-18°C. Eftir opnun 4-6 vikur
Vörunúmer:	06179
Verð:	3340



Maestro Chardonnay Pinot Grigio AOX

Hér fer saman vín og list til heiðurs minningu eins mesta freskumálara sem uppi hefur verið; hinn Feneyska Tiepolo sem uppi var á 18. öld. Tiepolo var gjarnan kallaður meistari himins og engla og má sjá verk eftir hann á veggjum, lofti, og hvolfþökum glæsi-bygginga víða um heim. Maestro Chardonnay Pinot Grigio er einstaklega aðgengilegt vín sem fer vel með sjávarréttum, forréttum og sem fordrykkur. *Megineinkenni:* Ljósugult. Meðalfylling, þurr með ávaxtakeim.

Árgangur:	2000
Uppruni:	Ítalía, Venezíe
Framleiðandi:	Col de' Fratta
Magn og vínandi:	750 ml 12,5%
Berjategund:	Corvina, Rondinella og Molinara
Vörunúmer:	07865
Verð:	1270



Bolla Pinot Grigio AC DX

Þrúgan Pinot Grigio eykur í sífellu á vinsældir sínar fyrir einfaldan og þægilegan stíl. Þrúgurnar eru týndar á Venezia svæðinu á Ítalíu. Vínið hefur ákafan ávöxt eins og perur og sítrusávexti, það er mjúkt og seiðandi með léttu yfirbragði. Hentar vel fisk og súpum, hvítu kjöti og léttari réttum. Er best drukkið ungt.

Megineinkenni: Ljósugult. Frekar létt þurr og ferskt, með léttum ávaxtakeim.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Ítalía, Venezíe
Framleiðandi:	Bolla
Magn og vínandi:	750 ml 12%
Berjategund:	Pinot Grigio
Vörunúmer:	02207
Verð:	1090



Alamos Chardonnay AC DMX

Alamos Chardonnay endurspeglar einkenni þess að vera ræktað hátt uppi með heitum sólríku dögum og köldum nóttum. Chardonnay í fullum þroska og stöðugleika. Stráglut að lit og bjart með grænum blæ. Í nefi er vínið vel einbeitt og ákaft. Með þroskuðum suðrænum ávöxtum svo sem perum, eplum og melónum. Í munni er vínið snarpt með sætum ávaxtakeim, frábær sýra og léttir tónar af vanillu og ristudu brauði.

Megineinkenni: Grængult. Höfugt og mjúkt, með ristudum eikar og ávaxtakeim.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Argentína, Mendoza
Framleiðandi:	Bodega Catena Zapata
Magn og vínandi:	750 ml 13,5%
Berjategund:	Chardonnay
Vörunúmer:	05094
Verð:	1230



Tommasi La Rosse Pinot Grigio ABC X

Litur: Mánagult.
 Ilmur: Af réttum styrkleika og óvenju fágaður.
 Bragð: Veitir góða fyllingu, svöltið þurrt og eftirbragð sem minnir á gyllt epli.

Megineinkenni:
 Fölgult. Ilmrikt og finlegt. Frekar létt, þurrt með fínlegum ávexti.

Árgangur:	2003
Uppruni:	Ítalía, Veneto, Valdadige
Framleiðandi:	Tommasi - Viticoltori
Magn og vínandi:	750 ml 12%
Berjategund:	Pinot Grigio
Vörunúmer:	08953
Verð:	1290

Stærsta korktré í heimi er í Portúgal. Það gefur af sér 1 tonn af korki, sem nægir í hvorki meira né minna 100.000 korktappa!



Jacquesson Cuvée 728 Brut AC DF Y

Nýlega kusu fremstu vínþjónar Frakklands hið litla hús Jacquesson, kampavínsræktanda ársins í Guide des Sommeliers. Tímaritið La Revue du Vin de France fullyrta um Jacquesson vín ársins 2000: „Vafalítið bestu vín smökkuð í ár frá Champagne, árgangur vandaðrar vínræktar...“. Jacquesson Cuvée 728 fékk 5 glös í júniblaði Gestgjafans og var talinn með beztu fánlegu vínunum á Íslandi.

Megineinkenni: Ljósult. Meðalfylling, ferskt, með þroskuðum ávaxtakeim.

Árgangur:	2002
Uppruni:	Frakkland, Champagne
Framleiðandi:	Jacquesson & Fils
Magn og vínandi:	750 ml 12%
Berjategund:	Pinot Meunier, Chardonnay, Pinot Noir
Vörunúmer:	04781
Verð:	2980



Codorniu Cuvée Raventos Brut ABC KX

Þrúgur: 50% Chardonnay, 25% Xarel-lo, 25% Macabeo. Litur: Strálgjólur.
 Ilmur: Ávaxtaríkur. Bragð: Í mjög góðu jafnvægi. Ferskleiki með gott súrustig.
 Þurrt og fágað vín með mikinn ávöxt

Megineinkenni: Ljósult. Þurrt, létt, með fínlegum ávexti.

Árgangur:	1999
Uppruni:	Spánn, Penedes, Cava
Framleiðandi:	Codorniu S.A.
Magn og vínandi:	750 ml 11,5%
Berjategund:	Chardonnay
Vörunúmer:	02991
Verð:	1290

Franskar eikartunnur eru yfirleitt gerðar úr trjáum sem eru að meðaltali 170 ára.



Egils Pilsner

Egils Pilsner hefur verið bruggaður síðan 1917 en á síðasta ári var hann settur á markað sem 4,5% bjór. Egils Pilsner er fyrsti íslenski bjórinn sem fæst í plastumbúðum en plastflöskurnar eru sérstaklega hannaðar til að tryggja gæði og ferskleika bjórsins. Þá er það einnig nýjung að bjórinn er með skrufutappa og því unnt að opna hann og loka eftir þörfum. Egils Pilsner er seldur í plastpakningu sem inniheldur 8 flöskur.
Megineinkenni: Ljósullinn. Meðalfylling, hálfþurr með fínlegum kornkeim. Lítil beiskja.

Uppruni:	Ísland
Framleiðandi:	Ölgerðin Egill Skallagrímsson
Magn og vínandi:	500 ml 4,5%
Vörunúmer:	05696
Verð:	153



Hot Irishman Superior Irish Coffee

Hot Irishman, Superior Irish Coffee
Blandað úr gæða Írsku Whiskey, brúnum sykri og sérvöldu Columbiu kaffi, allt til þess að gera það auðveldara að blanda Irish Coffee. Hot Irishman er tilbúið Irish Coffee sem aðeins þarf að bæta heitu vatni í hlutföllunum 1/4 Hot Irishman og 3/4 heitt vatn, svo er ekkert annað en að fleyta rjóma ofan á. Kröfuhörðustu aðdáendur Irish Coffee gefa Hot Irishman fullt hús.

Megineinkenni: Grunnur fyrir Irish Coffee.
Blandist með sjóðandi vatni og rjóma.

Uppruni:	Írland
Framleiðandi:	Hot Irishman Ltd.
Magn og vínandi:	700 ml 22%
Vörunúmer:	05495
Verð:	2990



Jagermeister

Í einni flösku eru notaðar 56 tegundir af kryddjurtum sem koma alls staðar að úr veröldinni og gefa Jagermeister þetta einstaka bitter bragð. Dökkbrúnn að lit, sætur og mjúkur með löngu eftirbragði.

Megineinkenni: Brúnn. Nokkuð sætur, létt beiskja, með margslungnum krydduðum keim.

Uppruni:	Þýskaland
Framleiðandi:	Hans Just A/S
Magn og vínandi:	1000 ml 35%
Vörunúmer:	07256
Verð:	4280



Smirnoff

Smirnoff vodka var fyrst framleiddur árið 1860. Í dag er hann seldur í 130 löndum. Smirnoff er þri-emaður sem gerir hann að einum alltra tærasta vodka sem völ er á.

Uppruni:	Stóra Bretland
Framleiðandi:	Pierre Smirnoff Co.
Magn og vínandi:	350 ml 40%
Vörunúmer:	05084
Verð:	1590



Ballantine's Finest

Ljósgyllt, meðalfyllt og ilmar af lyng-hunangi með snert af lyngheiðarfjólú. Mjúkt, djúpt, glæsilegt, með votti af kryddi.

Bygging: Opið og djúpt.

Bragð: Í góðu jafnvægi, flókið bragð af mjólkursúkkulaði, rauðum eplum og vanillu.
Endir: Blómaangan, leikandi létt og frískandi.

Megineinkenni: Gult. Frekar létt, hálfsett, milt og finlegt.

Uppruni:	Stóra Bretland, Skotland
Framleiðandi:	George Ballantine and Son Ltd
Magn og vínandi:	1000 ml 40%
Vörunúmer:	05170
Verð:	4690





H A G N Ý T T

Matartáknin í Vínblaðinu

Notuð eru tákn sem gefa til kynna hvaða matur geti passað við tiltekin vín.

a	Fordrykkir, smáréttir	f	Lambakjöt	n	Ábætisréttir
c	Fiskur	h	Villibráð	o	Sólpallavín
b	Skelfiskur	j	Grillað kjöt	x	Tilbúið til að drekka
i	Grænmetisréttir	k	Austurlenskur matur	y	Tilbúið að drekka, en má geyma
d	Ljóst kjöt/svínakjöt	l	Ostar	æ	Batnar við geymslu
e	Nautakjöt	m	Pasta/Pítsa		

Notað með leyfi AS Vinmonopólet Noregi

Skýringar á vöruskrá:

Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrónu og Kringlunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu.

Endurvinnslan.is

Endurvinnslan og Sorpa borga 9 krónur fyrir allar einnota drykkjarumbúðir. Það á jafnt við um allar víNFLöskur og bjóRflöskur sem gosflöskur og dósir. Móttökustaðir eru víða og hægt er að leita nánari upplýsinga um staðsetningu þeirra úti um allt land á heimasíðu Endurvinnslunnar: www.endurvinnslan.is.




JOUR de FÊTE Frönsk vínstemning í vínbúðunum

Vínbúðirnar heiðruðu Bastilludag Frakka þann 14. júlí sl með franskri vínstemningu sem stóð til 7. ágúst. Um 70 tegundir franskra vína voru á kynningunni. Uppskriftaspjöldum að frönskum mat var einnig dreift í vínbúðunum. Til að auka á stemninguna léku harmonikuleikarar nokkur létt frönsk lög í vínbúðunum Kringlunni og Smáralind laugardaginn 17.júlí. Árangur af Jour de Fête var mjög góður og vó ánægja viðskiptavina þar mest. Vínbúðirnar munu standa fyrir fleiri kynningum á næstu mánuðum.

VÖRUSKRÁ GILDIR TIL 30. SEPTEMBER

R A U Ð V Í N

Rauðvín eru gerjuð úr dökkum vínþrúgum. Styrkur vínanda er oftast á bilinu 11 til 14% Tegundir sem eru merktar R eru í reynslusölu og fást aðeins í Heiðrónu og Kringlunni. ●R eru nýjar vörur í reynslusölu.


v.nr.	heiti	ml, %	verð
			
Argentína			
R 05378	Graffigna Malbec	750 ml 13%	990
	San Juan: Dökkfjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjaríkt með létttri stemmu. DE F MY		
Mendoza			
05093	Alamos Cabernet Sauvignon	750 ml 13%	1290
	Fjólublátt. Ilmrikt, eikar og berjailmur. Bragðmikið, þétt, nokkuð tannískt bragð. E J Y		
05095	Alamos Malbec	750 ml 13,5%	1290
	Fjólurautt. Bragðmikið, þétt, með krydduðum berja- kaffi- og eikarkeim. E H L Y		
R 05334	Alta Vista Bonarda	750 ml 13,5%	1360
R 05232	Alto Agrelo Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	1390
R 05357	Argento Cabernet Sauvignon	750 ml 13%	1190
	Fjólublátt. Bragðmikið og þétt, með krydduðu berjabragði. DF MX		
R 05358	Argento Malbec	750 ml 13%	1190
	Fjólublátt. Bragðmikið og berjaríkt. Ungt. DMX		
05409	Astica Cabernet Sauvignon kassavín	3000 ml 13,5%	3290
	Rautt. Höfugt, berjaríkt. MX		
07347	Balbi Malbec Shiraz	750 ml 13%	1090
	Rautt. Meðalfylling, léttkryddað ávaxtabragð, ferskt. DI J MX		
R 05088	Catena Cabernet Sauvignon	750 ml 13,5%	1590
	Dökkfjólurautt. Bragðmikið, með löngu eikarbragði, finlegt. E F L Y		
R 05087	Catena Malbec	750 ml 14%	1590
	Fjólublátt. Bragðmikið með kaffi- eikarkeim. Finlegt. DE Y		
R 05080	Dona Paula Malbec	750 ml 14,5%	1480
	Lujan de Cuyo: Dökkrautt. Þungt, kryddað og grösugt. E Y		
07348	Etchart Rio de Plata Malbec	750 ml 12,5%	1090
	Ljósrautt. Meðalfylling, ferskt með ávaxtakeim. DL MX		
07918	Finca Flichman Syrah	750 ml 14,5%	1150
	Rautt. Höfugt, með grösugum kryddkeim og þéttum ávexti. E F J L X		
R 04273	Finca Santa Maria Malbec	750 ml 12,5%	1290
R 05076	Los Cardos Malbec	750 ml 14%	990
	Lujan de Cuyo: Fjólurautt. Höfugt, berjaríkt með nokkurri remmu. DEMX		
R 05077	Los Cardos Merlot	750 ml 14%	1190
	Tupungato: Dökkfjólurautt. Höfugt, með kryddaðan ávöxt og eikarkeim. Rammt eftirbragð.		
08108	Lurton Mendoza Cabernet Sauvignon	750 ml 12,5%	1150
	Frekar létt, berjaríkt og kryddað. DE F J		

v.nr.	heiti	ml, %	verð
R 08730	Martins Andino Malbec-Bonarda	750 ml 13,5%	890
R 08581	Martins Cabernet Sauvignon	750 ml 13%	1190
R 08583	Martins Tempranillo	750 ml 14,5%	1090
R 08233	Reserva de Perón Bonarda	750 ml 12,5%	1190
07562	Santa Ana Cabernet Sauvignon Cepas Privadas	750 ml 13,5%	1280
	Dökkfjólurautt. Þungt, berjaríkt og eikað. Ungt. E L Z		
07675	Santa Ana Malbec Special Reserve	750 ml 13,5%	1290
	Fjólurautt. Bragðmikið, mjúkt, ávaxtaríkt með berjakeim. E F L X		
R 04764	Santa Ana Merlot	187 ml 13,5%	340
04262	Santa Julia Tempranillo	750 ml 13%	1250
	Dökkfjólurautt. Meðalfylling, létt stemma með eikar-, krydd- og kaffikeim. E F L Y		
08201	Terralis Shiraz - Malbec kassavín	3000 ml 12,5%	3220
	Dökkrautt. Þungt, með bökuðum ávaxtakeim. Stamt. DMX		
R 05448	Terrazas Alto Cabernet Sauvignon	750 ml 13,6%	1390
	Fjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjaríkt og kryddað. F H J Y		
R 05449	Terrazas Alto Malbec	750 ml 13,5%	1390
	Fjólurautt. Ilmrikt. Bragðmikið, berjaríkt með eikarkeim. DF J MY		
03047	Trapiche Cabernet Sauvignon	750 ml 13,5%	950
	Fjólurautt. Þungt, mjúkt, stamt með fingerðum berjakeim. E F L Y		
R 05604	Trapiche Malbec	750 ml 13%	950
07992	Trapiche Malbec Oak Cask	750 ml 13,5%	1190
	Dökkrautt. Höfugt með eikar og kryddkeim. E F L X		
R 03955	Trapiche Pinot Noir Oak Cask	750 ml 13,5%	1190
R 04851	Trivento Bonarda	750 ml 13%	1040
07033	Trivento Reserve Cabernet Malbec	750 ml 13,5%	1190
	Höfugt, mjúkt, ávaxtaríkt, með eikarkeim. Létt stemma. E F L X		
07035	Trivento Sangiovese	750 ml 13,5%	960
	Rautt. Þungt og þétt, nokkuð rammt. E X		
07036	Trivento Syrah	750 ml 12,5%	990
	Fjólurautt. Meðalfylling, með rauðum berja- og ávaxtakeim. DF MX		

Austurríki

R 02052	Lenz Moser Blauer Zweigelt	750 ml 12,5%	1140
R 05689	Lenz Moser Neckenmarkt Blaufrankisch	750 ml 13%	1240
	Rautt. Meðalfylling, þurr með léttum ávexti. I MX		

RAUÐVÍN

v.nr.	heiti	ml, %	verð
 Ástralía <i>Áströlsk vín eru oft mjúk og ávaxtarík. Helstu rauðu þrúgurnar eru Shiraz og Cabernet Sauvignon</i>			
●R 06458	Banrock Station Shiraz Mataro	750 ml 13%	1090
	<i>Rautt. Meðalfylling með sætum keim. Sodinn ávöxtur. DEF J L MY</i>		
08471	Barramundi Cabernet Merlot kassavín	3000 ml 13%	3590
	<i>Rautt. Meðalfylling mjúkt og ávaxtaríkt. EF J MOX</i>		
02064	Black Opal Cabernet Merlot	750 ml 12,5%	1190
	<i>Fjólurautt, meðalfylling, mjúkt og berjaríkt með léttri stemmu. EF J MX</i>		
R 06781	De Bortoli Deen Vat 8 Shiraz	750 ml 13%	1460
06779	De Bortoli Deen Vat 9 Cabernet Sauvignon	750 ml 13,5%	1390
	<i>Dökkrautt. Kröftugt, mjúkt, berjaríkt með kryddkeim. EF J L X</i>		
R 04223	Garnet Point Shiraz Cabernet	750 ml 13,5%	1190
	<i>Rautt. Mjúkt, kryddað og ávaxtaríkt með léttri stemmu. DE J L MX</i>		
R 05264	Hanwood Estate Shiraz	750 ml 13,5%	1290
	<i>Dökkfjólublátt. Kröftugt, mjúkt með eik og léttri stemmu. Kryddað með sætum ávexti. EF HL Y</i>		
02219	Hardy's Nottage Hill Cabernet Sauvignon Shiraz	750 ml 13%	1390
	<i>Rautt. Meðalfylling, mjúkt, með eikar- og ávaxtakeim. DF J K X</i>		
●R 07087	Hardys Nottage Hill Shiraz	750 ml 14%	1390
06460	Hardys Stamps Shiraz Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	1090
	<i>Dökkfjólurautt. Ilmrikt með vanillu og karamellukeim. Mjúkt með sætu berjabragði. DF J X</i>		
R 07352	Jacob's Creek Grenache Shiraz	750 ml 14%	1190
	<i>Ryðrautt. Bragðmikið, með sultuðum kryddkeim. F J K L Y</i>		
R 05693	Jacob's Creek Merlot	750 ml 14%	1190
03412	Jacob's Creek Shiraz Cabernet	750 ml 13%	1130
	<i>Rautt. Höfugt, grösugt, með kryddaðan ávöxt. DJ L X</i>		
R 05261	Jacob's Creek Shiraz Cabernet	187 ml 12%	351
	<i>Fjólurautt. Frísklegt, meðalfylling með kryddaðri eik og berjakeim. DE I MX</i>		
R 05499	Kangaroo Ridge Shiraz	750 ml 14%	990
	<i>Fjólurautt. Ilmrikt. Höfugt, berjaríkt, létt stemma. EF J MX</i>		
06488	Lindemans Bin 45 Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	1290
	<i>Dökkrauður. Meðalfylling, mjúkt, berjaríkt með blómlegum eikarkeim og léttu kryddi. DF J L XY</i>		
01222	Lindemans Bin 50 Shiraz	750 ml 13,5%	1290
	<i>Rautt. Kröftugt, með krydduðum og létt sætum berja- og ávaxtakeim. Létt stemma. EF J L X</i>		
00183	Lindemans Cawarra Shiraz Cabernet	750 ml 13,5%	1090
	<i>Dökkfjólurautt. Höfugt, berjaríkt, þétt, nokkuð stamt. DJ X</i>		
R 05714	Nottage Hill Merlot	750 ml 13,5%	1390
08032	Penfolds Koonunga Hill Shiraz Cabernet Sauvignon	375 ml 13,5%	790
	<i>Dökkrautt. Bragðmikið, þétt og berjaríkt með grösugum kryddkeim. EF J L X</i>		
08025	Penfolds Rawson's Retreat Shiraz Cabernet	750 ml 14,5%	1190
	<i>Dökkfjólurautt. Höfugt, mjúkt, með berja- og karamellukeim. J OX</i>		
07945	Peter Lehmann Weighbridge Shiraz	750 ml 14%	1260
	<i>Rautt. Höfugt, með sætum berjakeim. DE F MX</i>		
R 05699	Quarry Hill Shiraz	750 ml 13,5%	1190
	<i>Ljósrautt. Meðalfylling með ferskum rauðum berjakeim. Létt kryddað. DF MX</i>		
07117	Rosemount Cabernet Merlot	750 ml 13,5%	1290
	<i>Fjólurautt. Höfugt, mjúkt, berjaríkt. EF J L X</i>		
03496	Rosemount Cabernet Sauvignon	750 ml 13,5%	1390
	<i>Dimmfjólurautt. Bragðmikið, ferskt, ávaxtaríkt, með berja og kryddkeim. Nokkur stemma. EF J L Y</i>		
07122	Rosemount Merlot	750 ml 14%	1390
	<i>Dökkfjólurautt. Höfugt, grösugt með bökudum ávexti. EF HJ X</i>		
03495	Rosemount Shiraz	750 ml 14%	1390
	<i>Dökkrautt. Kröftugt, mjúkt með þéttum kryddkeim. EF HJ L X</i>		
01620	Rosemount Shiraz Cabernet	750 ml 13%	1190
	<i>Dökkfjólurautt. Bragðmikið, berjaríkt, létt stemma. DI J X</i>		

v.nr.	heiti	ml, %	verð
R 05954	Rosemount Shiraz Mataro Grenache	750 ml 13,5%	1150
07561	Salisbury Cabernet Sauvignon	750 ml 12,5%	990
	<i>Mjúkt og berjaríkt. C DI J M</i>		
●R 05439	Wilderness Estate Shiraz kassavín	3000 ml 13,5%	3790
	<i>Dökkrautt. Höfugt, mjúkt, með krydduðu berjabragði. Létt stemma. DE F MX</i>		
R 08785	Wyndham Bin 555 Shiraz	750 ml 14%	1490
R 05128	Yellow Tail Cabernet Sauvignon	750 ml 13%	1290
	<i>Dökkrautt. Meðalfylling, mjúkt með sæt krydduðum berjakeim. F J MX</i>		
New South Wales			
●R 08745	Rosemount Hill of Gold Cabernet Sauvignon	750 ml 13,5%	1650
	<i>Mudgee</i>		
●R 08735	Rosemount Hill of Gold Shiraz	750 ml 14,5%	1650
	<i>Mudgee</i>		
Suður Ástralía			
<i>Helsta hérað Ástralíu, Mjúk, ávaxtarík og bragðmíkl vín, einkum úr Shiraz og Cabernet</i>			
04409	Angove's Bear Crossing Cabernet Sauvignon Merlot	750 ml 14%	1090
	<i>Fjólurautt. Meðalfylling, ferskt berjabragð. DMX</i>		
03034	Angove's Long Row Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	1150
	<i>Rautt. Höfugt, ferskt, mjúkt með krydduðum berjakeim. E J X</i>		
07851	Angove's Long Row Shiraz	750 ml 14%	1150
	<i>Rautt. Kröftugt, ferskt, sýruríkt, með grösugum berjakeim. E HX</i>		
07863	Angove's Sarnia Farm Padthaway Cabernet Sauvignon	750 ml 13%	1390
	<i>Padthaway: Ryðrautt. Bragðmikið með sultuðum og krydduðum ávaxtakeim. EF J MX</i>		
07848	Angove's Stonegate Cabernet Shiraz	750 ml 14%	930
	<i>Rautt. Höfugt, þétt, með berja- og ávaxtakeim. Nokkuð stamt. DF J MX</i>		
04732	Boomerang Bay Cabernet Shiraz	750 ml 13,5%	990
	<i>Rautt. Meðalfylling, mjúkt, með sætum ávexti. DF J OX</i>		
R 07081	Chateau Reynella Shiraz	750 ml 13,5%	2670
	<i>McLaren Vale</i>		
R 05260	Jacob's Creek Reserve Shiraz	750 ml 13,5%	1690
	<i>Dökkrautt. Kröftugt, berjaríkt og kryddað, með nokkuri stemmu. EF HJ L Y</i>		
R 05628	Kay Brothers Block 6 Shiraz	750 ml 14,1%	5090
	<i>McLaren Vale</i>		
R 05627	Kay Brothers Hillside Shiraz	750 ml 14,1%	4190
	<i>McLaren Vale</i>		
04705	Lindemans Reserve Cabernet Sauvignon	750 ml 14%	1350
	<i>Dökkfjólurautt. Þungt, ávaxtaríkt og kryddað, með kraftmiklu eftirbragði. EF J Y</i>		
08291	Lindemans Reserve Shiraz	750 ml 14%	1350
	<i>Dökkrautt. Bragðmikið, með fersku kryddi og grösugum ávexti. EF I J L X</i>		
00185	Penfolds Koonunga Hill Shiraz Cabernet	750 ml 13,5%	1390
	<i>Dökkrautt. Höfugt, með krydduðum og grösugum ávaxtakeim. EF L Y</i>		
07760	Peter Lehmann Clancy's	750 ml 14%	1670
	<i>Dökkrautt. Bragðmikið, kryddað, með grösugum jarðarkeim. EF J L XY</i>		
R 05249	Peter Lehmann Wildcard Shiraz	750 ml 14%	1190
	<i>Dökkrautt. Höfugt, anís, mint, þétt ber og karamella. DF L Y</i>		
07893	Rosemount GSM	750 ml 14,5%	1990
